



## Ákvörðun Samgöngustofu nr. 1/2017 um flug fjarstýrðra loftfara/dróna að því er varðar hámarkshæðir og flug í nágrenni flugvalla

1. Ekki er heimilt að fljúga fjarstýrðu loftfari/dróna í meiri hæð en 130 metrum yfir láði og legi, nema fyrir liggja leyfi Samgöngustofu. Ef búnaður er til staðar í loftfarinu til að takmarka flughæð, skal forrita búnaðinn þannig að loftfarið/dróninn fari ekki hærra en 130 metra. Hæðartakmörkunin gildir þó ekki fyrir lögreglu og aðra viðbragðsaðila né fyrir aðila sem stunda rannsóknarflug í vísindaskyni.

2. Leyfi rekstraraðila flugvallar þarf til þess að fljúga fjarstýrðu loftfari/dróna innan við 2 km. frá svæðamörkum áætlunarflugvalla\*, að því undanskildu ef drónanum er flogið undir hæð hæstu mannvirkja í næsta nágrenni við flugferil drónans. Í grennd við aðra flugvelli skal sýna ýtrustu varkárni og gæta fyllsta öryggis. Fjarstýrð loftför skulu ávallt víkja fyrir annarri flugumferð.

3. Samþykki rekstraraðila viðkomandi flugvallar þarf fyrir öllu flugi fjarstýrðra loftfara/dróna innan flugvallasvæða.

4. Ákvörðun þessi gildir um flug allra fjarstýrðra loftfara/dróna, óháð þyngd.

Að öðru leyti er vísað í gildandi upplýsingabréf um flugmál (AIC) um starfrækslu ómannaðra loftfara.

Ákvörðun þessi sem sett er með vísan til 1. mgr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum verður birt á heimsíðu Samgöngustofu.

Reykjavík 21. febrúar 2017



Þórólfur Árnason forstjóri

### \* Listi yfir áætlunarflugvelli

Keflavíkurflugvöllur	Reykjavíkurflugvöllur	Akureyrarflugvöllur	Egilsstaðaflugvöllur
Bíldudalsflugvöllur	Gjögurflugvöllur	Grimseyjarflugvöllur	Hornafjarðarflugvöllur
Húsavíkurflugvöllur	Ísafjarðarflugvöllur	Vestmannaeyjaflugvöllur	Vopnafjarðarflugvöllur
Þingeyrarflugvöllur	Þórshafnarflugvöllur		